



A 1921/UVU

Flytjandi	Norræna velferðarnefndin
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndartillaga

um að gerð verði grein fyrir því með hvaða hætti réttindi frumbyggja eru tryggð í tengslum við námugróft á svæðum þar sem frumbyggjar eiga heimili sitt og störf

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær geri grein fyrir með hvaða hætti réttindi frumbyggja eru tryggð í tengslum við jarðefnavinnslu á svæðum þar sem frumbyggjar eiga heimili sitt og störf.

Bakgrunnsupplýsingar

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælum Norðurlandaráðs um sjálfbæran námugróft og jarðefnavinnslu var tekið fyrir á fundi norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar í Reykjavík hinn 7. september 2022.

Tilmælin fólu í sér fimm atriði sem Norræna ráðherranefndin var beðin um að gera grein fyrir í tengslum við sjálfbæran námugróft og jarðefnavinnslu á Norðurlöndum.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar við fyrstu tveimur liðunum voru lýsandi og tóku mið af eftirfylgni, verkefnum og aðgerðum Norrænu ráðherranefndarinnar í tengslum við aðgerðaáætlun atvinnulífsins 2021–2024, sem tengist framtíðarmarkmiðum forsætisráðherranna fyrir árið 2030.

Í Norrænu ráðherranefndinni er engin vinna í gangi sem snertir sviðin sem hin atriðin þrjú falla undir og því er ekki hægt að skila greinargerð um þau.

Með hliðsjón af svörum Norrænu ráðherranefndarinnar lagði nefndin til að Norðurlandaráð áliti málið afgreitt af sinni hálfu.

Hins vegar töldu nefndarfulltrúarnir að svar Norrænu ráðherranefndarinnar við beiðni um greinargerð á því hvernig réttindi frumbyggja eru tryggð við jarðefnavinnslu á



svæðum þar sem frumbyggjar eiga heimili sitt og störf teldist ekki vera greinargerð með því að gefa það svar að engar slíkar framkvæmdir væru í gangi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar.

Nefndin ákvað því að beina nefndartillögu um þetta atriði til ríkisstjórna Norðurlandanna.

Sjónarmið nefndarinnar

Hagvaxtar- og þróunarnefndin samþykkti drög að nefndaráliti um tilmæli 43/2021 um sjálfbæran námugróft og jarðefnavinnslu á Norðurlöndum, þar sem lagt er til að Norðurlandaráð færi svarið til bókar og álíti tilmæli 43/2021 afgreidd af hálfu ráðsins.

Norræna ráðherranefndin virðist þó ekki hafa tekið til skoðunar hvernig réttindi frumbyggja eru tryggð við námugróft á svæðum þar sem frumbyggjar eiga heimili sitt og störf.

Að mati nefndarinnar er mjög mikilvægt að gert verði grein fyrir stöðu þessara mála á Norðurlöndum til að standa vörð um hin samnorrænu gildi jafnréttis og jafnra tækifæra. Nefndin telur því að fyrirspurninni skuli beint til ríkisstjórna á Norðurlöndum.

Helsingfors, 1. nóvember 2022

Anders Eriksson (ÅF)

Anna Vikström (S)

Ann-Sofie Alm (M)

Freddy André Øvstegård (SV)

Karianne B. Bråthen (A)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Lars Püss (M)

Liv Kari Eskeland (H)

Orri Páll Jóhannsson (VG)

Stein Erik Lauvås (A)

Tor André Johnsen (FrP)